

Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Reykjavík, 1. október 2024
USK24090177

Hér með sendist útskrift úr fundargerð afgreiðslufundar Skipulagsfulltrúa frá 26.9.2024 varðandi eftirfarandi mál:

Kópavogur - Smiðjuvegur 76 - Breyting á deiliskipulagi

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. september 2024 var lögð fram umsagnarbeiðni Kópavogsbæjar, dags. 12. september 2024, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 76 við Smiðjuveg. Í breytingunni sem lögð er til felst að komið verði fyrir viðbyggingu norðaustan megin við núverandi hús á lóðinni. Lóðarmörk breytast í samræmi við fyrirhugaða viðbyggingu og stækka til norðausturs og mörk skipulagssvæðis breytist einnig í samræmi við tillögu að lóðarstækkun, samkvæmt uppdr. skipulagsdeildar Kópavogsbæjar, dags. 12. júlí 2024. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 26. september 2024.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 26. september 2024, samþykkt

Þuríður María Guðmundsdóttir
F.h. skipulagsfulltrúa

Fylgiskjal: umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 26. september 2024.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026



Reykjavík



Viðtakandi: Kópavogsbær
Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Reykjavík, 26. september 2024

USK24090177

Kópavogur - Smiðjuvegur 76 - Breyting á deiliskipulagi

Umsögn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. september 2024 var lögð fram umsagnarbeiðni Kópavogsbæjar, dags. 12. september 2024, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 76 við Smiðjuveg. Í breytingunni sem lögð er til felst að komið verði fyrir viðbyggingu norðaustan megin við núverandi hús á lóðinni. Lóðarmörk breytast í samræmi við fyrirhugaða viðbyggingu og stækka til norðausturs og mörk skipulagssvæðis breytist einnig í samræmi við tillögu að lóðarstækkun, samkvæmt uppdr. skipulagsdeildar Kópavogsbæjar, dags. 12. júlí 2024.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við breytinguna. Bent er á óhagræði fyrir lóðarhafa að sækja um afnotaleyfi til tveggja sveitarfélaga við framkvæmdir og viðhald á byggingunni þar sem byggingarreitur stendur út að sveitarfélagsmörkum. Huga skal sérstaklega að öryggi vegfarenda á Stekkjarbakka á framkvæmdatíma og sækja skal um afnotaleyfi til Reykjavíkur fyrir raski á borgarlandi. Ef nýta þarf borgarland til þess að sinna viðhaldi á byggingu skal einnig sækja um afnotaleyfi hjá Reykjavíkurborg. Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar fagnar áherslu á aukinn gróður á svæðinu.

Virðingarfyllt,
Hrönn Valdimarsdóttir
f.h. Skipulagsfulltrúa
Umhverfis- og skipulagssvið

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026



Reykjavík